

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2014

081-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið díklasúríl ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1235**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2013 frá 2. desember 2013 (Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1235/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.